



## Tillaga

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

---

***Efni tillögu: Undirbúningur að stofnun nýs vistheimilis fyrir ungmenni á vegum Barnaverndar Reykjavíkur og breyting á núverandi rekstri***

Lagt er til að velferðarráð samþykki að hefja undirbúning að stofnun nýs sérhæfðs vistheimilis fyrir allt að átta ungmenni, sem mæti fjölþættum vanda þeirra ungmenna sem þurfa að dvelja í úrræðum á vegum Barnaverndar Reykjavíkur. Til að tryggja sem best velferð þeirra sem þurfa á slíkri vistun að halda er lagt til að velferðarráð samþykki tillögu Barnaverndarnefndar Reykjavíkur um að ganga til tímabundins samnings við Klettabæ ehf. um vistun allt að fimm ungmenna þar til hið nýja úrræði verði sett á laggirnar. Tillögu um nýtt vistheimili verði vísað til fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2023.

***Greinargerð:***

Undanfarna tvo áratugi hefur Barnavernd Reykjavíkur rekið skammtímaheimili fyrir unglinga í Hraunbergi 15. Skammtímaheimilið er ætlað þremur ungmennum á aldrinum 13 – 18 ára sem þurfa tímabundna vistun utan heimilis vegna sérstakra aðstæðna, auk eins neyðarpláss. Um er að ræða aðstæður sem eru þess eðlis að ungmennin geta ekki dvalið heima hjá sér, þau eru að bíða eftir viðeigandi úrræðum, t.d. á vegum Barna- og fjölskyldustofu eða unnið er að því að þau fari aftur heim. Um er að ræða annars vegar skammtímaavistanir og hins vegar bráðavistanir. Nokkuð misjafnt er hversu lengi ungmennin dvelja í Hraunbergi og fer það allt eftir aðstæðum hjá hverju barni. Í þeim tilvikum þar sem beðið er eftir því að ungmenni komist á fósturheimili hefur dvöl í Hraunbergi gjarnan verið með lengra móti þar sem erfiðlega getur gengið að finna ungmennum og eldri börnum heppilegt fósturheimili. Eins á það við um ungmenni sem glíma við sértækari vanda sem er til kominn vegna geð- og þroskaraskana.

Fyrirkomulag dvalar er þannig að ungmennin sem þar dvelja fylgja, eins og kostur er, þeirri daglegu rútinu sem þau hafa verið í áður, s.s. skóla, vinnu, tómstundum og öðru félagsstarfi. Ef ungmenni er ekki í skóla eða vinnu þegar það er vistað er það hlutverk vistunaraðila að koma því í viðunandi skólaúrræði eða vinnu sem fyrst.

Það er mat Barnaverndar Reykjavíkur að nauðsynlegt sé að koma á fót nýju úrræði sem mæti fjölþættum vanda þeirra barna sem þurfa á vistun að halda. Barnavernd Reykjavíkur hefur í auknum mæli þurft að leita til Klettabæjar ehf. á síðustu árum til að uppfylla faglegar og lagalegar skyldur sínar, þ.e. að vista ungmenni til skemmri og lengri tíma á vistheimili sem mætir þörfum þeirra, með tilheyrandi kostnaði.

Þann 29. janúar 2021 var skipaður starfshópur um endurskoðun innra starfs í Hraunbergi. Hópurinn var skipaður Hörpu Ýr Erlendsdóttur, þá starfandi forstöðumanni á Hraunbergi, Huldu Líneyju Magnúsdóttur forstöðumanni á Mánabergi, Elísabetu Gunnarsdóttur deildarstjóra á skrifstofu Barnaverndar Reykjavíkur og Lilju Björk Guðrúnardóttur og Anítu Ragnarsdóttur félagsráðgjöfum hjá Barnavernd Reykjavíkur. Skýrsla starfshópsins er fylgiskjal með tillögunni.

### **Börnin sem dvelja í Hraunbergi**

Á undanförnum árum hefur orðið breyting á samsetningu þess hóps sem dvalið hefur í Hraunbergi. Áður voru algengustu ástæður fyrir vistun ungmenna þar fósturrof og heimilisaðstæður barns. Þá voru langflest ungmennin drengir eða um það bil tvöfalt fleiri en stúlkur. Viðsnúningur hefur orðið á þessu á undanförnum árum. Árið 2021 dvöldu 29 börn í Hraunbergi, þar af voru 16 stúlkur og langalgengasta ástæða vistunar var heimilisofbeldi.

Flest þeirra barna sem dvelja í Hraunbergi glíma við mikinn tengslavanda og áfallastreituröskun. Það er mat Barnaverndar Reykjavíkur að nauðsynlegt sé að vistunarúrræði á vegum Barnaverndar hafi faglegar forsendur til að takast á við vanda og aðstæður þessara barna og vinni út frá hugmyndafræði um áfalla- og tengslamiðaða nálgun. Um þetta er fjallað ítarlega í greinargerð starfshóps um endurskoðun innra starfs í Hraunbergi, frá 30. apríl 2021.

### **Nýtt vistunarúrræði fyrir ungmenni**

Nauðsynlegt er að koma á fót nýju vistunarúrræði til að mæta fjölþættum vanda ungmenna, fjölga plássum og skapa aðstæður til vistunar til lengri tíma.

Þannig þarf úrræðið að starfa eftir skýrri hugmyndafræði sem tekur mið af áfalla- og tengslavanda þeirra barna sem þar dvelja. Vistheimili Barnaverndar Reykjavíkur, bæði í Hraunbergi og Mánabergi, eru neyðarúrræði og þurfa því að vera í stakk búin til að taka við börnum í hvers kyns vanda, hvenær sem er sólahringsins.

Undanfarin ár hefur fjölgað í hópi þeirra barna sem nauðsynlega hafa þurft á að halda þjónustu og vistun í einkaúrræðum eins og Klettabæ. Skýringa á því er víða að leita en þyngst vegur annars vegar skortur á úrræðum og fósturvistunum á vegum Barna- og fjölskyldustofu og hins vegar takmörkuð geta Hraunbergs til að taka við börnum með áfalla- og tengslavanda.

Mikil nýting pláss á Hraunbergi undanfarin ár og vaxandi þörf á vistun fyrir ungmenni gerir það að verkum að nauðsynlegt er að fjölga þeim vistunarplássum sem Barnavernd Reykjavíkur býr yfir.

Legið hefur ljóst fyrir í nokkra mánuði að samningi við Hamarskot, sem er einkaheimili sem hefur tekið við ungmönnum til langtímadvalar, verður ekki fram haldið. Horft er

til þess að hið nýja úrræði muni taka við þeim ungmennum sem annars hefðu dvalið þar. Úrræðið mun því bæði henta til skammtímvistunar og langtímvistunar.

Áætlaður rekstrarkostnaður nýs úrræðis er rúmar 300 milljónir á ári (launakostnaður og rekstur). Barnavernd Reykjavíkur ítrekar það mat að í stofnun nýs úrræðis felist lítill sem enginn viðbótarkostnaður, ef frá er talin væntanleg fjárfesting í húsnæði.

Sé horft til ársins 2021 má sjá að kostnaður af vistunum þeirra barna sem gætu dvalið í nýju úrræði Barnaverndar var um kr. 409 milljónir.

|                                                                        |                      |
|------------------------------------------------------------------------|----------------------|
| Raunkostnaður af rekstri Hraunbergs                                    | 180 milljónir        |
| Kostnaður vegna barna í KB (2021) sem hefðu getað dvalið í nýju úrræði | 149 milljónir        |
| Hamarskot                                                              | 80 milljónir         |
| <b>Samtals</b>                                                         | <b>409 milljónir</b> |

Barnavernd Reykjavíkur telur að hluti þeirra barna sem dvalið hefur í Klettabæ undanfarin ár gætu dvalið í nýju úrræði Barnaverndar. Samtals kostnaður vegna þessa hóps í Klettabæ árið 2021 var kr. 148.875.612.

### **Húsnæðisvandi, öryggi og aðbúnaður ungmenna á Hraunbergi**

Þann 6. desember 2021 barst niðurstaða frá Mannviti í kjölfar sýnatöku vegna gruns um myglu í húsnæði Hraunbergs að Hraunbergi 15 í Reykjavík. Þar kom fram að mygla greindist í fjórum sýnum af þeim fimm sem tekin voru.

Fundað var með starfsmönnum Hraunbergs þann 8. desember þar sem þeim var greint frá skýrslunni og niðurstöðu hennar. Sama dag var ákveðið að öll starfsemi skammtímaheimilisins yrði flutt þá þegar úr húsnæðinu í Hraunbergi. Dagana 8. – 15. desember var starfsemin í húsnæði gistiheimilis í Einholti. Þann 15. desember 2021 var samið við Klettabæ um að taka við starfseminni í eina viku meðan unnið væri að því að standsetja og undirbúa bráðabirgðahúsnæði undir starfsemina í Bleikargróf 6. Þann 22. desember 2021 flutti starfsemin í Bleikargróf 6. Þar hefur verið útbúin aðstaða til bráðabirgða fyrir skammtímaheimilið í tveimur aðliggjandi íbúðum á fyrstu hæð hússins. Ýmsir vankantar eru á því húsnæði og ljóst að ekki er hægt að bæta úr þeim án kostnaðarsamra framkvæmda.

Að teknu tilliti til alls framangreinds er það mat barnaverndarnefndar Reykjavíkur að ekki sé unnt að reka starfsemi Hraunbergs við núverandi aðstæður þar til nýtt úrræði kemst á laggirnar. Nauðsynlegt er því á þeim undirbúningstíma sem er framundan að semja við Klettabæ ehf. til allt að eins árs um að taka við rekstri skammtímaheimilis fyrir ungmenni og að starfseminni að Bleikargróf verði lokað. Það leiðir til þess að öll stöðugildi skammtímaheimilisins verða lögð niður en mannauðsráðgjafar velferðarsviðs munu funda með hverjum og einum starfsmanni og leita lausna á þeirra málum. Leitað verði allra leiða til að finna þeim sem það kjósa önnur störf á velferðarsviði ellegar gengið frá starfslokum með uppsagnarfresti. Í dag er fjöldi starfa laus í búsetuúrræðum eða á vaktavinnustöðum á velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

Barnavernd Reykjavíkur hefur góða reynslu af þjónustu Klettabæjar. Þá má um starf Klettabæjar vísa í nýlega úttekt Gæða- og eftirlitsstofnunar félagsþjónustu (nú velferðarmála) og barnaverndar frá því í desember 2021 en þar kemur meðal annars

fram að „Öll ytri umgjörð fyrir dvöl barna og ungmenna í búseturúrræðum og hvíldardvöl Klettabæjar er góð. Viðmót er jákvætt þar sem börnin og ungmennin töluðu meðal annars um virðingu, hlýju og skilning frá starfsfólki Klettabæjar.“ Er þessi vitnisburður í samræmi við reynslu starfsmanna Barnaverndar Reykjavíkur af vistunum barna hjá Klettabæ.

Árið 2021 var fjárhagsrammi fyrir Hraunberg kr. 156 milljónir. Raunkostnaður af rekstri Hraunbergs var um kr. 180 milljónir, sem gerir um kr. 15 milljónir á mánuði. Hraunberg hefur verið rekið sem úrræði fyrir 4 börn (þar af eitt neyðarpláss). Í tilboð frá Klettabæ er gert ráð fyrir þjónustu við 5 börn (þar af eitt neyðarpláss) í úrræði sambærilegu því sem rekið hefur verið í Hraunbergi, fyrir kr. 13.225.287 á mánuði, árskostnaður yrði því rúmar 158 milljónir.

Að lokum má ítreka það sem áður hefur komið fram um nauðsyn þess að Barnavernd Reykjavíkur búi yfir faglega öflugu úrræði til að takast á við þann neyðarvanda sem upp kemur reglulega í lífi þeirra barna sem hún ber ábyrgð á. Það er mat barnaverndarnefndar Reykjavíkur að ekki verði ráðin bót á þeim vanda sem blasir við í rekstri Hraunbergs, þannig að viðunandi sé nema komið verði á fót nýju úrræði eins og lagt er upp með í þessari tillögu. Í millitíðinni er ekki forsvaranlegt að halda út þeirri starfsemi sem nú fer fram í Hraunbergi, hvorki með tilliti til hagsmuna þeirra barna og starfsfólks sem þar dvelur, líðan og öryggis þeirra, né þess kostnaðar sem til fellur á hverjum degi.

Fylgiskjöl:

Skýrsla starfshóps um endurskoðun innra starfs á Hraunbergi, dags. 30. apríl 2021.

Bókun barnaverndarnefndar Reykjavíkur, dags. 25. júní 2021.

Bókun barnaverndarnefndar Reykjavíkur, dags. 18. janúar 2022.

Jafnréttisskimun